

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 19. febrúar 2025 í máli nr. 110/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 27. ágúst 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að rafmagnspottur sem keyptur var af varnaraðila hafi verið haldinn galla. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð 103.360 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess jafnframt að varnaraðili afhendi sér nýjan rafmagnspott en til vara að varnaraðili veiti sér 50% afslátt af kaupverði hans.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var varnaraðila jafnframt boðin aðild að málinu með ábyrgðarbréfi, dags. 2. október 2024, sem afhent var varnaraðila degi síðar. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, staðfesting á kaupum rafmagnspottsins, dags. 25. apríl 2023, ljósmyndir og upplýsingar um meðhöndlun pottsins teknar af vefsíðu framleiðanda, ljósmyndir sóknaraðila af sólpalli, reikningur varnaraðila vegna viðgerðar, dags. 12. júlí 2024 og staðfesting á greiðslu hans, dags. 18. júlí 2024, bréf sóknaraðila til varnaraðila, dags. 12. júlí 2024 og ljósmyndir af pottinum og afrit af skriflegum samskiptum milli aðila.

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili festi kaup á [...] rafmagnspotti og ýmsum fylgihlutum við hann af varnaraðila þann 25. apríl 2023 og greiddi alls 2.483.100 krónur fyrir. Við uppsetningu pottsins við sumarbústað sóknaraðila í júní 2024 varð vart við leka í honum auk nokkurra ryð- og frostsKemmda. Að ósk sóknaraðila sendi varnaraðili starfsmann sinn til að skoða pottinn í byrjun júlí 2024 og gerði viðkomandi við sjáanlegan leka. Var sóknaraðili krafinn um greiðslu vegna viðgerðarinnar með reikningi, dags. 12. júlí 2024, að fjárhæð 103.360 krónur. Greiddi sóknaraðili þann reikning með fyrirvara um réttmæti hans sex dögum síðar. Áttu aðilar í nokkrum skriflegum samskiptum í kjölfar viðgerðarinnar þar kom meðal annars fram að sóknaraðili teldi varnaraðila bera ábyrgð á fyrrnefndum skemmdum á pottinum. Hafnaði varnaraðili hins vegar allri ábyrgð á þeim.

Sóknaraðili byggir á því að við kaupin hafi honum verið veittar þær upplýsingar að varnaraðili hafi yfirfarið rafmagnspottinn fyrir afhendingu og hann prófaður fyrir leka. Telji sóknaraðili að það sé aðeins unnt að gera með því að fylla pottinn af vatni. Hafi potturinn síðan verið afhentur af varnaraðila í júlí 2023 og hann síðan fluttur að sumarbústað sóknaraðila í [...]. Vegna tafa á framkvæmdum við sumarbústaðinn hafi potturinn ekki verið tengdur fyrr en í júní 2024 en þá hafi hann staðið þar óhreyfður frá kaupunum, eins og hann hafi komið frá varnaraðila. Við uppsetningu hafi komið í ljós leka- og ryðskemmdir á pottinum. Sóknaraðili bendir á að með pottinum hafi fylgt leiðbeiningar framleiðanda um hvernig skuli geyma notaðan pott yfir vetrartíma sem og hvernig skuli tæma slíkan pott af vatni. Þyki sóknaraðila ljóst að varnaraðili hafi ekki fylgt umræddum leiðbeiningum við tæmingu pottsins og hafi potturinn því verið gallaður við afhendingu til sóknaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa neitað að greiða reikning vegna viðgerðar varnaraðila og reynt að leita sátta við varnaraðila án árangurs. Hafi varnaraðili þá upplýst sóknaraðila um að honum yrði ekki veitt frekari þjónusta við pottinn yrði reikningurinn ekki greiddur. Hafi sóknaraðili því talið sig tilneyddan að greiða viðgerðarkostnaðinn en þó með fyrirvara um réttmæti hans.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili endurgreiði sér greiddan viðgerðarkostnað að fjárhæð 103.360 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili afhendi sér nýjan rafmagnspott en til vara að honum verði veittur 50% afsláttur af kaupverði pottsins.

IV

Lagaumhverfi

Ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mæla fyrir um þau tilvik þegar söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu í skilningi laganna. Í a. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. nkpl. Ákvæði 15. gr. mælir fyrir um þá eiginleika sem söluhlutur á að búa yfir. Í 1. mgr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. skal söluhlutur „*henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til*“. Í b. lið 2. mgr. segir að söluhlutur skuli „*hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað*“. Í c. lið segir að söluhlutur skuli „*henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð [...]*“.

Ákvæði 18. gr. nkpl. mælir fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef meira en sex mánuðir eru liðnir frá kaupunum.

V

Niðurstaða

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni og verður því byggt á þeim gögnum og upplýsingum sem stafa frá sóknaraðila.

Sóknaraðili festi kaup á rafmagnspotti af varnaraðila þann 25. apríl 2023 og var potturinn afhentur sóknaraðila í júlí sama ár. Við uppsetningu hans í júní 2024

kom í ljós leki í pottinum auk ryð- og frostskemda á honum. Sóknaraðili telur að potturinn hafi verið haldinn galla við kaupa þar sem varnaraðili hafi ekki fylgt leiðbeiningum framleiðanda við tæmingu vatns úr pottinum í kjölfar lekaprófunar.

Í málinu liggur fyrir að rafmagnspotturinn var skoðaður af starfsmanni varnaraðila þann 12. júlí 2024. Í framlögðum reikningi vegna þjónustunnar segir eftirfarandi: „*Pottur geymdur úti í vetur án gangsetningar. Frostskemdir í potti, þar sem vatn hefur komist inn í pottinn í vetur. Frostsprungið fittings við niðurfall. Pottur tæmdur og gert við leka*“. Í kjölfar viðgerðarinnar upplýsti sóknaraðili varnaraðila um ætlaðan galla á rafmagnspottinum 12. júlí 2024 með tölvupósti eða um 12 mánuðum eftir afhendingu hans, sbr. 7. gr. nkpl.

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. hvílir sönnunarbyrði fyrir því að rafmagnspotturinn hafi verið haldinn galla við afhendingu hans á sóknaraðila. Hefur sóknaraðili lagt fram þrjár ljósmyndir af íhlutum rafmagnspottsins. Af einni ljósmyndinni má greina skrúfaðan bolta sem virðist vera ryðgaður. Önnur gögn hefur sóknaraðili ekki lagt fram til stuðnings kröfu sinni. Óumdeilt er í málinu að potturinn var geymdur utandyra og ótengdur við sumarbústað sóknaraðila í um eitt ár. Almennt má gera ráð fyrir að frost- og ryðskemdir geta orðið á söluhlut sem þessum ef vatn á greiða leið að íhlutum hans og nokkur tími líði uns það sé uppgötvað. Að mati kærunefndarinnar er ekki unnt að slá því föstu að vatn hafi ekki mögulega getað komist að pottinum eða í hann á þessu tímabili sem hann stóð óuppsettur við sumarbústaðinn þrátt fyrir að hann hafi verið geymdur í umbúðum framleiðanda. Af fyrrnefndum ljósmyndum verður í það minnsta ekki ráðið með vissu að tjónið sé afleiðing meðferðar varnaraðila á rafmagnspottinum.

Með hliðsjón af framansögðu, gögnum máls svo og eðli þeirra skemmda sem um ræðir, verður ekki séð að sóknaraðila hafi tekist sönnun um að skemmdir á pottinum megi rekja til galla sem hafi verið til staðar við afhendingu hans í júlí 2023. Verður því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

VI Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson